



# FRÉTTIR



## Heppin

Benni og Elín, miðopna

Þjóð gegn þunglyndi

Ný forvarnalán

VÍS tryggir dýrin

„Stuðningur VÍS skiptir meginmáli til að við getum staðið að verkefninu á þann hátt sem nauðsyn krefur. Við erum ekki að tala hér um klassískt „átak“ sem þýtur upp eins og flugeldur og dettur síðan niður aftur. Þetta verkefni varir svo árum skiptir enda er vanda málið umfangsmikið og alvarlegt. Fleiri falla fyrir eigin hendi á Íslandi en farast í umferðarslysum,“ sagði Sigurður Guðmundsson, landlæknir, þegar hann kynnti verkefnið **Þjóð gegn þunglyndi**



Sigurður Guðmundsson, landlæknir, og Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, við Benz-fornbíl sem boðinn var upp í Smáralind 16. júní sl. til stuðnings verkefninu Þjóð gegn þunglyndi.

**þunglyndi - fækkum sjálfsvígum** síðastliðið sumar. Með upplýsinga- og kynningarstarfi á næstu árum verður sjónum beint að þunglyndi, sem er stærsti áhættuþáttur sjálfsvíga, í því skyni að fækka sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum svo sem nokkur kostur er.

Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, og Sigurður Guðmundsson skrifuðu undir samstarfs-samning til þriggja ára til staðfestingar þeirri ákvörðun VÍS að styðja verkefnið. Fram kom að verðmæti stuðnings VÍS væri um 12 milljónir króna í beinum fjárframlögum, auglýsingabirtingum og faglegri aðstoð við kynningarmál.

## Ómetanlegur stuðningur

„Samstarfið við VÍS hefur verið okkur afar dýrmætt við að koma **Þjóð gegn þunglyndi** á laggir og gera okkur mögulegt að gera margt á skömmum tíma sem við hefðum annars ekki haft burði til,“ segja Högni Óskarsson, formaður verkefnisins, og Salbjörg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri. Meðal annars hefur verið gefinn út

bæklingur um þunglyndi sem þegar er byrjað að dreifa, kynningarveggspjöld hafa verið prentuð og framleitt var myndband sem þunglyndissjúklingar og aðstandendur þeirra geta fengið lánað í nokkra daga á heilsgæslustöðvum um land allt. Enn má nefna útgáfu lítils korts til að minna á númer Hjálparsíma Rauða krossins, **1717**. Kortið er ætlað öllum þeim sem eiga við vanda að stríða, ekki síst ungu fólki sem veit oft ekki hvert á að

sækja hjálp. Hjálparsíminn getur gefið leiðbeiningar um hvar hjálp er að fá auk þess sem fólk þar er vel þjálfað til að veita fyrstu hjálp í síma. Kortið liggur frammi hjá heilsgæslu og félagsþjónustu en auk þess geta skólahjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar dreift því til nema í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum landsins. Salbjörg bætir svo við:

„Ekki má gleyma vel heppnuðum borgarafundi í Smáralind í júní síðastliðnum þar sem VÍS lét þjóða upp fornbíl til styrktar **Þjóð gegn þunglyndi**. Formleg kynning á verkefninu og uppboðið vöktu gríðarlegan áhuga almennings og fjölmiðla.“

## VÍS styður Þjóð gegn þunglyndi



**Hafðu samband við VÍS í síma 560 5000 eða kíktu á [www.vis.is](http://www.vis.is)**

Útgefandi: ..... Vátryggingafélags Íslands  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: .. Ásgeir Baldurs  
Umsjón með útgáfu: ..... Athygli  
Ljósmyndir: ..... Vigfús Birgisson o.fl.  
Hönnun og umbrot: ..... Fiton  
Prentun: ..... Oddi

## Afmæliskveðja til Hvalfjarðarganga

VÍS heiðraði Hvalfjarðargöng og vegfarendur með sérstökum borðum sem strengdir voru yfir akbrautir við gjaldskýlið í tilefni af 5 ára afmæli ganganna 11. júlí síðastliðinn. Félagið telur sérstaka ástæðu til að vekja athygli á tölulegum staðreyndum sem sýna að Hvalfjarðargöng hafa tvímælalaust stuðlað að auknu öryggi í umferðinni:

- 1991-1995 voru skráð 185 umferðarslys á þjóðvegnum fyrir Hvalfjörð, þar af þrjú banaslys.
- Á fyrstu þremur árum í rekstri Hvalfjarðarganga og rúmlega það, frá 11. júlí 1998 til ársloka 2001, voru einungis skráð 22 óhöpp í göngunum og við þau, flest minni háttar. Engin alvarleg slys urðu á fólki.

# Fjórðungsfækkun hraðakstursmála

„Við sjáum breytt hegðunarmynstur í umferðinni; menn taka lífinu með meiri ró og aka hægar en áður,“ segir Gunnar Sigurðsson, lögregluþjónn á Blönduósi. Hann hefur litið eftir umferðinni í umdæminu um árabíl og merkir breytingu til batnaðar á þessu ári. Augljós staðfesting þessa er að hraðakstursmálum sýslumannsembættisins á Blönduósi hefur fækkað um fjórðung frá því í fyrra þrátt fyrir að umferðin hafi síður en svo verið minni og vegaeftirlitið síst minna nú en áður. Skýrslur vegna hraðaksturs voru 1.965 frá ársbyrjun til loka september árið 2002 en 1.441 á sama tímabili árið 2003. Þetta er veruleg fækkun mála og ekki alveg einfalt að segja til um ástæðu þessarar ánægjulegu þróunar. „Löggæslan er öflug víða á þjóðvegum landsins. Ég nefni til dæmis umferðareftirlit Borgarnesslögreglu í sínu umdæmi og Hólmavíkurlögreglu á Holtavörðuheidi. Þetta hefur örugglega fyrirbyggjandi áhrif en ég hlýt líka að nefna greinilega viðhorfsbreytingu hjá ungu fólki sem rekja má beint til auglýsinga VÍS. Þar náðist að skapa stemningu innan markhópsins í umræðu um alvarlega hluti. Boðskapurinn hitti í mark og hafði tvímælalaust góð áhrif.“

## Óhöpp erlendra ferðamanna

Umferðarsumarið 2003 fær að mörgu leyti góð ummæli Blönduósslögreglunnar þegar á heildina er litið en upp úr standa umferðaróhöpp þar sem erlendir ferðamenn áttu í hlut. „Ökumennirnir eru óvanir malarvegum en það er samt ekki alltaf ástæða óhappanna. Ég held hreinlega að í sumum tilfellum hafi menn horft of mikið í kringum sig, gleymt sér við aksturinn og rankað næst við sér á hvolfi utan vegar. Það er óhjákvæmilegt að reyna að ná betur til erlendra ökumanna við komuna hingað og upplýsa þá betur um það sem bíður þeirra í umferðinni og á vegum hér,“ segir Gunnar Sigurðsson á Blönduósi.



Gunnar Sigurðsson, lögregluþjónn, til vinstri og Kristján Þorbjörnsson, yfirlögregluþjónn, á Blönduósi. Þeir eru ekki í vaða um að auglýsingar VÍS síðastliðð sumar, Heppinn, hafi haft góð áhrif á ökumenn og dregið úr hraðakstri. Sjá umfjöllun um Heppinn í miðorpu.

# Hópefli í óvissuferð

Starfsmenn VÍS efldu liðsanda og blésu í sóknarlúðra á afar vel heppnuðum VÍS-degi snemmsumars. Þeir komu saman í fundarsal Nordica Hotel í Reykjavík að morgni laugardagsins 17. maí í vor og hlýddu á Finn Ingólfsson, forstjóra, kynna nýsamþykktu stefnuýfirlýsingu félagsins þar sem gildin eru **umhyggja, áreiðanleiki og frumkvæði**. Að því búnu var stigið upp í rútur til að hefja ferð út í óvissuna. Áfangastaðurinn reyndist vera svæði Íshesta í Hafnarfirði. Öllum starfsmönnum var gefinn jakki, sem þeir klæddust þennan dag og setti það skemmtilegan svip á svæðið þegar um 170 eins klæddir VÍS-arar þrömmuðu um. Anna Rós Ívarsdóttir, sérfræðingur á starfsmannasviði VÍS, segir að þar hafi verið heilmikil dagskrá. Farið var á hestbak og síðan leystu hóparnir ýmis verkefni sem tengdust þeim gildum sem forstjórinn hafði kynnt fyrr um daginn. Eftir góðan dag og mikla útiveru var borðað um kvöldið í reiðskemmu Íshesta og síðan slegið upp balli í lokin.



VÍS-arar hópeflast. Finnur Ingólfsson, Hafsteinn Ragnarsson, Sigurður B. Halldórsson, Hrafnkell H. Gíslason, Gunnar Birgisson, Halldór Ragnar Halldórsson, Guðríður Anna Kristjánsdóttir, Guðjón Ólafsson og Gréta Björg Ólafsdóttir.



„Þjóð gegn þunglyndi er ekkert skyndiátak heldur langtímaverkefni á vegum landlæknisembættisins,“ segir Salbjörg. „Stefnt er að 40-50 fræðslufundum um land allt í líkingu við þennan á Selfossi. Við höfum þegar farið á Austurland, til Vestfjarða og Húsavíkur og nú er röðin komin að Suðurlandi.“

# Þunglyndi er mál okkar allra

Komið er vel fram í október og tekið að hausta á Íslandi. Þungbúin ský og örsmáir regndropar mynda þykka þoku á Hellisheiði. Úti er dimmt og hráslagalegt að sjá. Í dagrenningu er bíl lagt í stæði fyrir framan heilsugæslustöðina á Selfossi. Út úr honum stíga geðlæknarnir Högni Óskarsson og Óttar Guðmundsson og Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri **Þjóðar gegn þunglyndi**. Þau eru komin til að sitja fjögurra klukkustunda langan fræðslufund með fagfólki úr ýmsum áttum í héraði.

## Evrópskt verkefni

Verkefnið **Þjóð gegn þunglyndi - fækkum sjálfsvígum** á rætur að rekja til ársins 1999 þegar landlæknisembættið skipaði nefnd um að efla forvarna- og fræðslustarf tengt þunglyndi. Salbjörg var ráðin verkefnisstjóri sjálfsvígsforvarna í byrjun árs 2002 og jafnframt var skipaður faghópur til að útfæra tillögur og hugmyndir þar að lútandi undir stjórn Högna Óskarssonar. Ákveðið var að leita eftir samstarfi við sérfræðihóp við háskólann í München sem kynnti sambærilegt verkefni á alþjóðlegu geðlæknabingi haustið 2002. Með samstarfinu við Þjóðverja var verkefnið orðið liður í evrópsku samstarfsverkefni og meðal annarra samstarfsaðila er að finna European Alliance Against Depression (Evrópubandalag gegn þunglyndi) ásamt miðstöð forvarna og rannsókna á sjálfsvígum við háskólann við Rochester í New York.

## Verkefnisstjóri með reynslu

Salbjörg hefur yfir 20 ára reynslu sem hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri á geðdeildum Landspítalans. Hún hefur viðbótarmenntun í geðhjúkrun og sótti námskeið í dáleiddslu, fjölskyldufræðum og viðtalstækni. Hún vann á Barnaverndarstofu í þrjú ár og undanfarið hálf tveimur árum hjá landlæknisembættinu sem verkefnisstjóri sjálfsvígsforvarna á Íslandi og er verkefnið **Þjóð gegn þunglyndi** hluti af því.

Þunglyndi er alvarlegur sjúkdómur sem getur lagst á hvern sem er hvenær sem er og er miklu algengara en margi grunar. Ætla má að héraðsþjóðin sé 12.000-15.000 manns af þunglyndi á ýmsum stigum. Markmið verkefnisins **Þjóð gegn þunglyndi** er margþætt.

- Efla fræðslu og stofna til umræðna í samfélaginu um þunglyndi og afleiðingar þess, þar á meðal sjálfsvíg. Viðhorfin

hafa sem betur fer breyst og þar hefur aukin fræðsla eflaust skilað árangri.

- Stuðla að öfluglu forvarnastarfi með því að ná til þeirra einstaklinga og hópa í samfélaginu, sem vitað er að eru í sérstakri áhættu, auk aðstandanda og vina þeirra. Fundurinn á Selfossi er dæmi um hvernig staðið er að því að mynda þessi tengsl. Forystumenn verkefnisins reyna að ná til lykilmanna, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, sálfræðinga, kennara, námsráðgjafa, presta og lögregluþjóna. Með því vonast þeir til að varpa ljósi á sjálfan sjúkdóminn og jafnframt leggja grunn að öfluglu stuðningskerfi til framtíðar.
- Fækka sjálfsvígum með því að vera vakandi fyrir líðan einstaklinga. Það hefur sýnt sig að allt að 80% þeirra sem fremja sjálfsvíg hafa átt við þunglyndi og kvíðaraskanir að stríða um einhvern tíma. Margir hafa leitað læknis 4-6 vikum áður, jafnvel bara með líkamleg einkenni. Við viljum með **Þjóð gegn þunglyndi** vekja fagfólk og almenning til umhugsunar um hvort þunglyndi sé hugsanleg orsök líkamlegra kvartana og bót á því gæti dregið úr sjálfsvígum og þeim hörmungum sem þeim fylgja.
- Sinna aðstandendum með ýmsu móti, svo sem með fræðslu, því oft er mikið lagt á þá við aðhlyningu hins veika. Ef foreldri, maki eða barn sviptir sig lífi er einnig nauðsynlegt að veita strax tímabundinn stuðning og benda síðan á leiðir til frekari stuðnings hjá fagfólki.

## Fólk leiti sér aðstoðar

„Þunglyndi er hvorki birtingarmynd dugleysis né óumflýjanlegt hlutskipti þess sem við það glímur heldur sjúkdómur sem getur hrjád fólk á öllum aldri, hvaðan sem það kemur og hvað sem það gerir í lífinu. Þunglyndi er hvorki leyndarmál né einkamál heldur mál okkar allra. Þegar einn þjáist í fjölskyldu hefur það áhrif á alla í fjölskyldunni og samskipti við maka og börn verða erfiðari. Sjúkdómurinn hefur áhrif á starfsáhuga og starfsgetu og fjarvera frá vinnu leiðir til versnandi afkomu fjölskyldunnar. Ég vil eindregið hvetja alla þá sem telja sig finna fyrir þunglyndiseinkennum að leita sér aðstoðar strax. Því fyrr því betur er hægt að aðstoða viðkomandi og því minna rask verður á höfum hans,“ segir Salbjörg Bjarnadóttir.

## Sagt á Selfossfundinum



Í kjölfar atvinnumissis gerir þunglyndi oft vart við sig. Því ættu allir að vera meðvitaðir um einkenni þess og öll þau meðferðarúrræði sem eru fyrir hendi.

Klara Öfjörð Sigfúsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Svæðisvinnumiðun Suðurlands.



Þunglyndi er sjúkdómur sem varðar alla. Í kjölfar atvinnuleysis gerir þunglyndi oft á tíðum vart við sig. Því ættu allir að vera með í þessu verkefni.

Jón Hlöðver Hrafnsson, lögregluþjónn.



Til mín koma margir sem eiga við vandamál að stríða. Það er ekki alltaf ljóst hvað raunverulega hrjái fólk. Þessir fyrirlestrar hafa gefið mér góða innsýn í það sem að baki margra vandamála liggur. Ég tel mig því enn betur í stakk búinn til að veita góða og markvissa sálgæslu og samtalsmeðferð.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sóknarprestur.



Ég hef áhuga á að geðheilsa allra sé betri í þessari brjáluðu veröld og er því mjög ánægð með þetta námskeið og að umræða verði opnari.

Þórey Axelsdóttir, sjúkraliði, Heilsugæslustöð Selfoss.



Þunglyndi á Íslandi er staðreynd. Hægt er að hjálpa flestum og því fyrr sem það greinist því mikilvægara. Þess vegna er nauðsynlegt að opna augu almennings og fagfólks enn betur.

Anna Margrét Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur.



Þjóð gegn þunglyndi. Í þessum orðum felst ábyrgð sem allir landsmenn verða að taka á sig. Með sameiginlegu átaki getum við gert svo margt. Við megum aldrei líta á þunglyndi sem dugleysi eða óumflýjanlegt hlutskipti. Þunglyndi getur komið fyrir alla. Margar ástæður geta verið fyrir því, svo sem atvinnuleysi, fjárhagserfiðleikar, áfengis- og vímuefnanotkun, veikindi og breytingar á félagslegum högum. Kröfur í nútímapjóðfélagi eru miklar og oft á tíðum á fólk erfitt með að standast þær. Látum þunglyndi aldrei afskiptalaust.

Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi, Árborg.

Þjóð gegn þunglyndi  
[www.thunglyndi.landlaeknir.is](http://www.thunglyndi.landlaeknir.is)

**ÞUNGLYNDI**

# „Reynslubolti“ til VÍS á Akureyri

„Það var kominn tími á að breyta til án þess að skipta um starfsvettvang. Aðdragandinn var skammur. Hingað er ég kominn og er afskaplega ánægður með umhverfið hjá VÍS,“ segir Guðmundur Lárus Helgason, nýr starfsmaður félagsins á Akureyri. Það þóttu tíðindi þar í bæ í sumar þegar spurðist út að hann væri genginn til liðs við VÍS eftir 17 ára starf hjá Sjóvá-Almennum. Guðmundur er þekktur „reynslubolti“ á sínu sviði á Norðurlandi og hefur reyndar lifað tvenna tíma í greininni á undanförunum árum og áratugum.

„Ótrúlega margt er breytt á ekki lengri tíma frá því ég byrjaði í þessum bransa. Fólkinu hefur fjölgað á svæðinu og þar með viðskiptavinum, tryggingum hefur fjölgað og síðast en ekki síst er mun meira gert fyrir viðskiptavininn nú en áður tíðkaðist.“

Guðmundur er Vestfirðingur að uppruna, frá Æðey í Ísafjarðardjúpi. Hann kom upphaflega til Akureyrar til náms og lauk stúdentsprófi frá MA 1974. Eftir það kenndi hann í Gagnfræðaskólanum á Akureyri í ein 12 ár. Tilviljun réði því að hann gerðist starfsmaður hjá Sjóvá í sumarafleysingum og eftir sumarvinnuna varð ekki aftur snúið. Hann hætti kennslu og fór að þjóna Akureyringum og öðrum Norðlendingum á tryggingasviðinu, einkum í tjónaafgreiðslu.

„Mér hefur frá upphafi líkað afskaplega vel að vinna við tryggingar en tilbreytingin er samt alltaf holl. Það kom vissulega til greina að söðla alveg um og fara að gera eitthvað allt annað. En svo leiddi eitt af öðru og ég ákvað að ráða mig hjá VÍS. Reynslan fyrstu vikunnar lofar vissulega góðu. Hér er góður hópur starfsfólks, traustir viðskiptavinir og næg verkefni. Ætli þurfi að bjóða um öllu meira?“



Guðmundur Lárus Helgason.



Óskar Guðmundsson, Jón Snorri Tómasson, Garðar Hreinsson og Ingbór Ísleifsson merkja fréttabréf viðtakendum áður en það fer í póst.

## Með kveðju frá Bjarkarási

Þeir sem síðast fóru höndum um þetta eintak fréttabréfs VÍS áður en það skilaði sér í þínar hendur, viðtakandi góður, eru heimamenn í Bjarkarási, hæfingarstöð fyrir fatlaða í Reykjavík. Að setja fréttabréfið í plastpoka, líma fyrir opið og merkja viðtakanda er mikilvægur liður í þjálfun fólksins og stuðlar að því að halda því í líkamlegu formi, gera það félagslega fært og sjálfbjarga eftir því sem unnt er. Fréttabréf VÍS er stærsta verkefnið af þessu tagi, sem Bjarkarás fær, og því var við hæfi að erindreki þess liti þarna inn og kynnti sér starfseminu í fylgd Sólrúnar Sverrisdóttur, verkefnisstjóra. Fólk var að störfum hér og þar og verkefnið reyndust sannarlega mörg og fjölbreytt. Á einum stað var verið að pakka jólakortum Gigtarfélags Íslands í plast, á öðrum stað var Heilsupósturinn merktur viðtakendum og sömuleiðis blað Landssambands áhugafólks um flogaveiki. Afmælikveðja Umferðarstofu til barna beið tilbúin eftir að komast í dreifingu hjá Íslandspósti og pappírsöskjur urðu til fyrir Össur hf.

„Pökkun og merking blaða og tímarita er verkefni sem

hentar okkar fólki afar vel en því miður hefur dregið nokkuð úr slíku eftir að sumar prentsmiðjur fóru að bjóða viðskiptavinum sínum prentun, pökkun og merkingu í einu lagi. Við erum því þakklát þeim fyrirtækjum og stofnunum sem halda tryggð við okkur,“ segir Sólrún.

Styrktarfélag vangefinna hefur rekið Bjarkarás frá árinu 1971. Markmiðið er að hæfa þá sem þar eru til starfa á vernduðum vinnustöðum þar sem störfin henta viðkomandi. Þarna er afar fjölbreytt og blómleg starfsemi. Rekin er saumastofa og áhersla lögð á einfaldan saumskap. Í gróðurhúsi er ræktað lífrænt grænmeti og „gróðurhúsabændurnir“ í Bjarkarási gera gott betur en að rækta garðinn sinn. Þeir ganga líka í hús í hverfinu og selja uppskeruna.

Heimafólk í Bjarkarási, Stjörnugróf 9 (rétt hjá Víkinni í Fossvogi), efnir til **jólamarkaðar laugardaginn 29. nóvember** og býður til sölu listmuni af ýmsu tagi sem það hefur búið til úr leir, tré, gífsi, perlum og fleiru. Víst er að þar verður hægt að kaupa margan góðan grip til jóla og verðinu er stillt í hóf.



Lífís

## Lífís söfnunarlíftryggingar — góð ávöxtun og tvöfalt öryggi

Að undanfögnu hafa sjóðir Lífís söfnunarlíftrygginga sýnt mjög góða ávöxtun, allt að 25% miðað við 12 mánaða tímabil, og því er ljóst að Lífís söfnunarlíftrygging er mjög góður kostur. Það er flestum ljóst að ráðstöfunartekjur lækka talsvert þegar farið er á eftirlaun og því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að tryggja afkomu sína síðar á ævinni. Lífís söfnunarlíftrygging er einmitt til þess fallin að uppfylla þetta. Tryggingin felur í sér bæði líftryggingu og lífeyrissöfnun og þannig má segja að söfnunarlíftrygging feli í sér tvöfalt öryggi. Það er því tilvalið að fá sér Lífís söfnunarlíftryggingu og njóta góðrar ávöxtunar á sparnaðinn og á sama tíma vera vel tryggður.

Það er bæði einfalt og ódýrt að fá sér söfnunarlíftryggingu hjá Lífís og lágmarksgreiðsla á mánuði er aðeins 3.000 kr.

Helstu kostir Lífís söfnunarlíftryggingar:

- Sameinar reglubundinn sparnað og líftryggingu.
- Gefur möguleika á iðgjaldatryggingu vegna sjúkdóma eða slysa, sem leiða til tekjumissis, og tryggir þannig áframhaldandi sparnað.
- Kostnaður vegna líftryggingar lækkar eftir því sem líður á samningstímann.
- Fjárfest er í innlendum og erlendum verðbréfum í sjóðum Lífís að vali hvers og eins.
- Söfnun er greidd út í einu lagi að loknum samningstímanum og er eignarskattsfrjáls.
- Hagstæð leið til þess að ávaxta sparnað í erlendum skulda- og hlutabréfum án eignarskatts.

Auk söfnunarlíftryggingar býður Lífís upp á líf- og sjúkdómatryggingar þar sem viðskiptavinir VÍS, sem eru með fjölskyldutryggingu, eiga kost á góðum afslætti.



## Er þitt á þurru?

Hagir fólks breytast og því er nauðsynlegt að endurskoða reglulega tryggingaverndina. Við hjá VÍS erum tilbúin að fara yfir stöðuna með þér.

Meðal þess sem þarf huga að:

- Ertu með líf- og sjúkdómatryggingu? Ef svo er, ertu tryggð(ur) í samræmi við skuldbindingar þínar?
- Er innbúsverðmæti þitt rétt metið?
- Er frítímaslysatrygging innifalin í fjölskyldutryggingu þinni?
- Eru fartölva heimilisins tryggð?
- Ertu með húseigendatryggingu?

**Hafðu samband í síma 560 5000** eða með tölvupósti í [upplýsingar@vis.is](mailto:upplýsingar@vis.is) og við aðstoðum fljótt og örugglega.



## Heppinn - að geta stigið upp úr hjólástólnum eftir 8 tíma

„Vinnan við auglýsingu VÍS hafði vafalaust áhrif á mig, kannski meiri en ég geri mér grein fyrir. Ég þurfti að sitja í hjólástól í 8 klukkutíma í upptökunum og það var nógu erfitt. Mér leið illa á meðan og hugsaði um þá sem eru í slíkri stöðu ævilangt eftir bílslys. Síðan þá hef ég ekki látið afskiptalaust ef fólk ætlar að aka bíl eftir að hafa fengið sér í glas, sérstaklega krakkar sem gera sér enga grein fyrir hugsanlegum afleiðingum,“ segir Benjamín Árni Hallbjörnsson, „heppni strákurinn“ í sjónvarpsauglýsingu VÍS. Hann er lærður húsasmiður en vinnur sem barþjónn á Ölstofu Kormáks og Skjaldar við Vegamótastíg í Reykjavík. Starfsmaður kvikmyndagerðarfyrtækisins Filmus, sem vann að auglýsingunni, var gestur á ölstofunni og bauð Benna Þjóni í prufutökur vegna VÍS-auglýsingarinnar. Eitt leiddi af öðru og hann var skyndilega kominn framan við ljós og kvikmynda-tökuvélar að leika strákinn sem var svo „heppinn“ að lenda í hjólástól eftir að hafa ekið bíl undir áhrifum. Hann segir margt benda til að auglýsingin hafi vakið ýmsa til umhugsunar og er reyndar ekki í vafa um að boðskapurinn hafi náð augum og eyrum ungs fólks.

„Blessaður vertu, ég var uppnefndur í sumar og kallaður Heppinn, aftur og aftur! Og í sumarfríi á Spáni hitti ég hóp krakka af Austurlandi sem þekktu mig úr auglýsingunni og vildu taka af mér myndir í fjölskyldualbúmin sín! Þetta fannst mér bara fyndið en afleiðingar ölvunaraksturs eru hins vegar ekkert grín. Ég vona innilega að fleiri geri sér þetta ljóst nú en áður eftir auglýsingaherferð VÍS.“

## Svo raun- verulegt að litla systir fór að skæla



„Vinnan við auglýsingu VÍS breytti hugsunarhætti mínum meira en ég hefði trúað að gæti gerst. Það var áfall og rosalega raunveruleg upplifun að sjá klesstan og sundurtættan bíl á tókustað. Ég veit dæmi um að sumir krakkar hafi litið undan þegar auglýsingin birtist á sjónvarpsskjánum; þetta var of raunverulegt fyrir þá. Litla systir fór bara að skæla þegar hún sá mig „dána“ í sjónvarpinu,“ segir Elín Guðmundsdóttir, leikari í „heppnu auglýsingunni“ fyrir VÍS. Hún er nemi í Menntaskólanum í Reykjavík og hefur leikið á sviði og leikið í óperu en aldrei staðið framan við kvikmyndavél í upptöku fyrr en í VÍS-auglýsingunni.

„Krakkar á mínum aldri töluðu allir um að auglýsingin væri rosalega góð og kaldhæðin. Engum fannst hún hallærisleg. Það hafði komið fyrir mig áður að setjast upp í bíl þar sem bílstjórnin hafði drukkið bjór. Það geri ég aldrei aftur og nú verð ég bara pirruð ef einhver segist hafa „bara drukkið einn eða tvo bjóra“ og vel geta keyrt heim. Einn bjór er einum of mikið. Og að setjast undir stýri eftir einn bjór, nei, takk, aldrei í lífinu!“

## Leiftrandi vel gert og áhrifaríkt

„Þegar við heyrum ungt fólk segja „heppinn“ með videigandi tónfalli í samtölum sín á milli segir það allt sem segja þarf. Auglýsingar VÍS náðu ótvírætt augum og eyrum þessa hóps enda bæði leiftrandi vel gerðar og áhrifaríkar,“ segir Kristján Þorbjörnsson, yfirlöggregluþjónn á Blönduósi. Lögreglan á Blönduósi er landsþekkt fyrir að vakta vel þjóðbrautir um Húnavatnssýslur og grípa í taumana ef menn aka hraðar en landslög heimila. Fáir eru því næmari fyrir hegðun fólks í umferðinni og breytingum á



henni en einmitt verðir laganna þar og Kristján er ekki í nokkrum vafa um að VÍS-auglýsingarnar hafi haft góð áhrif á marga öku-menn. Hann veltir fyrir sér hvort þar sé meðal annars að leita skýringa á þeirri ánægjulegu staðreynd að heldur dró úr hraðakstri í umdæminu síðastliðið sumar í fyrsta sinn í mörg ár: „Ég ætla ekkert að fullyrða í þeim efnum en við teljum að mögnuð skilaboð auglýsinganna hafi meðal annars stuðlað að því að menn óku hægar en áður.“





# Auglýsing sem um var talað

„Heppinn“, forvarnaauglýsing VÍS vegna ölvunaraksturs ungs fólks, vakti mikið umtal og eftirtekt í sumar þegar hún var sýnd í sjónvarpi og kvikmyndahúsum. Tilgangurinn var að ná til ungra ökumanna og gera þeim ljósar afleiðingar ölvunaraksturs og glæfralegrar hegðunar yfirleitt í umferðinni.

Filmus kvikmyndagerð vann að auglýsingunni í samstarfi við auglýsingastofuna Fítón. Handritið var unnið í nánu samráði við Ragnheiði Davíðsdóttur, forvarnafulltrúa VÍS, og Ottó Tynes hjá Filmus útfærði það síðan til kvikmyndunar ásamt Halldóri Reykdal Baldurssyni og Finni Jóhannssyni Malmquist frá Fítón. Pétur Jónsson hjá Filmus leikstýrði.



## Nú getur þú bætt öryggið á heimilinu á einfaldan og ódýran hátt!

Í Öryggisverslun VÍS geta viðskiptavinir VÍS keypt öryggisvörur á sérlega hagstæðu verði og jafnframt fengið vörurnar sendar heim sér að kostnaðarlausu. Það er ótrúlega auðvelt og einfalt að panta, einungis að hringja í síma 560 5000 eða kaupa á [www.vis.is](http://www.vis.is). Einnig er hægt að fá ráðgjöf fagmanna í Öryggismiðstöð Íslands í Borgartúni 31 og kaupa öryggisvörurnar þar.



**Sérstakt tilboðsverð fyrir VÍS tryggingataka og frí heimsending.**

### TILBOÐ #1 Eldvarnatæki

- 1 stk. léttvatnstæki, 6 lítra
- 1 stk. jónískur reykskynjari
- 1 stk. eldvarnarteppi, 90 x 90 sm

Almennt verð: 12.630 kr.

**Verð fyrir viðskiptavini VÍS: 9.768 kr.**

**Sparnaður: 2.862 kr.**



### TILBOÐ #2 Eldvarnatæki

- 1 stk. duftslökkvitæki, 6 kg
- 3 stk. jónískir reykskynjarar
- 1 stk. eldvarnarteppi, 90 x 90 sm

Almennt verð: 13.330 kr.

**Verð fyrir viðskiptavini VÍS: 9.050 kr.**

**Sparnaður: 4.280 kr.**



### TILBOÐ #3 Eldvarnatæki

- 3 stk. jónískir reykskynjarar
- 1 stk. eldvarnarteppi, 90 x 90 sm

Almennt verð: 5.480 kr.

**Verð fyrir viðskiptavini VÍS: 4.085 kr.**

**Sparnaður: 1.395 kr.**



### TILBOÐ #4 Öryggismál heimilisins

Peningaskápur/öryggishólf fyrir heimili, 15,1 lítra  
Almennt verð: 16.750 kr.

**Verð fyrir viðskiptavini VÍS: 15.530 kr.**

**Sparnaður: 1.220 kr.**



**Tilboðin gilda til 31. desember 2003**

**Hringdu í 560 5000** og fáðu sendan VÍS öryggisvörulista. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á [www.vis.is](http://www.vis.is) eða í þjónustuveri VÍS í síma 560 5000.

ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS



## Samtengdir reykskynjarar væla allir ef einn skynjar eld

**Reykskynjarar**, sem tengdir eru saman þráðlaust, er nýjung sem Öryggismiðstöð Íslands býður upp á og hentar heimilum og minni fjölbýlishúsum. Unnt er að „tengja saman“ allt að tólf skynjara sem væla samtímis ef einn þeirra skynjar eld eða reyk. Guðmundur Kr. Erlendsson, sérfræðingur hjá Öryggismiðstöð Íslands, segir að þessi tækni sé kærkomin þeim sem vilji auka enn frekar öryggi sitt og sinna á auðveldan hátt. Hingað til hefur leiðin til samtengingar reykskynjara verið sú að leiða snúrur á milli þeirra en hin nýja, þráðlausa tækni gerir þetta í raun sáráeinfallt. Ef eldur eða reykur kemur upp í húsi þar sem sofið er á mörgum hæðum getur samtenging skynjara skipt sköpum varðandi rétt viðbrögð. Allir skynjarar hússins fara þá að væla í einu og íbúar geta brugðist við fyrr en ella.

**Brunagæsla fyrir heimili og fjölbýli**, sem kynnt var í sumar, hefur fengið góðar viðtökur hvort heldur talað er um stakar íbúðir/hús eða fjöleignarhús. Ef reykur eða eldur kemur upp berast boð á fáeinum sekúndum til stjórnstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar. Grunnbúnaður kerfisins er stjórnstöð og þrjú reykskynjarar sem tengdir eru Öryggismiðstöðinni. Vaktmenn þar sjá á svipstundu hvaðan úr húsinu boð berast og bregðast við samkvæmt skilgreindri viðbragðsáætlun.



Nettur, venjulegur reykskynjari, aðeins 7 sm að þvermál.



Þráðlaus, samtengjanlegur reykskynjari.

## Fartölvutrygging á VÍSum stað!

Óhapp með fartölvu getur verið dýrkeypt í bókstaflegum skilningi þó að ekkert glatist af gögnum sem geymd eru á harða disknum. Fartölvan dettur niður á gólf, vökva er óvart hellið yfir lyklaborðið eða skjár brotnar. Í öllum þessum tilvikum kalla óhöppin á viðgerð, sem kostar sitt, en fellur utan sviðs fjölskyldutryggingingar. Þetta eru hins vegar bótaskyld tjón samkvæmt skilmálum nýlegrar fartölvutryggingar VÍΣ. Margir skólanemar hafa í haust tryggt fartölvurnar sínar sérstaklega hjá VÍΣ og nokkuð er líka um að foreldrar bæti við fartölvutryggingu fyrir börn sín.

„Sumir skólar gera að skilyrði að nemendur eignist fartölvur til að nota í náminu og það er fjárfesting sem tekur í hjá flestum,“ segir Karl Ásbjörn Hjartarson hjá VÍΣ. „Það kostar ekki mikið að bæta sérstakri tryggingu við þegar fartölvan er keypt en slík vernd getur margborgað sig ef illa fer og þarf ekki mikið til. Venjuleg fjölskyldutrygging bætir að vísu viss tjón á fartölvu en fartölvutryggingin er mun víðtækari.“



### Hvað kostar að tryggja fartölvu?

Svar: 4.459 krónur á ári fyrir fartölvu sem kostar 200.000 krónur.



Karl Ásbjörn Hjartarson.



Benedikt Jónsson.

„Húseigandi einn hér á Suðurnesjum var í þann veginn að fara út úr dyrum heima hjá sér áleiðis upp á flugvöll og úr landi þegar hann tók eftir leka í miðstöðvarkerfinu og gerði viðvart. Sá hafði heppnina með sér líkt og aðrir sem eru heima þegar svona lagað kemur fyrir. Hinir, sem eru fjarverandi þegar til dæmis ofn springur, lenda í því að heitt vatn rennur um allt hús í langan tíma án þess að nokkur verði þess var. Það er alveg hrikalegt að koma að svona gufusoðnum og stórskemmdum íbúðum,“ segir Benedikt Jónsson, pípu- og loftgæingameistari. Fyrirtæki hans, Pípu- og loftgæingameistarar Benna Jóns ehf., er í samstarfi við VÍS og Hitaveitu Suðurnesja um að bjóða húseigendum í viðskiptavinahópi VÍS á Suðurnesjum að setja upp forhitara á miðstöðvarkerfi þeirra. Framkvæmdin er ódýrari en ella vegna þess að unnt er að fá umtalsverðan magnafslátt af forhiturum og tilheyrandi efni í mörg

## Hrikalegt að koma að gufusoðnum íbúðum

verkefni á sama tíma og svo býður VÍS þeim sem þess óska hagstæð lán til þriggja ára.

VÍS og Hitaveita Suðurnesja kynntu tilboðið í dreifiriti á þjónustusvæði sínu í október síðastliðnum og viðbrögðin létu ekki á sér standa: Benedikt var kominn með á þriðja tug pantana fáeinum dögum síðar og sá fram á búsna erilsamar vikur í október og nóvember.

Hermann og Guðbjörg í Njarðvík voru með þeim fyrstu sem höfðu samband við VÍS. Forhitarinn var kominn á sinn stað í kjallaranum hjá þeim eftir fjögurra tíma vinnu Benedikts og Más Harðarsonar frá Pípu- og loftgæingum Benna. Þeir luku verkinu með því að skola miðstöðvarkerfi hússins, stilla nýja búnaðinn og kenna húsráðendum á hann. Pípu- og loftgæingur Benna Jóns ehf. hafa útbúið sérstaklega einn bíl fyrirtækisins í þetta verkefni þar sem allt nauðsynlegt efni er til staðar. Einnig er mikið forunnið á verkstæði fyrirtækisins til að stytta verk tímann á vinnustað.

Innifalið í verðinu er eftirlit í einn mánuð að verki loknu og úttekt starfsmanns frá Hitaveitu Suðurnesja á hitaveitugrind og inntaki fyrir heitt og kalt vatn. Húseigendur njóta þannig öryggis og ábyrgðar fagfólks í þessu verki og þarna er því tækifæri sem Suðurnesjamenn ættu hreint ekki að láta fram hjá sér fara.

## Bréfið frá VÍS ýtti við mér

„Það stóð aldrei annað til en að setja upp forhitara í miðstöðvarkerfinu hérna en af því varð ekki fyrr en nú. Bréfið frá VÍS ýtti við mér,“ segir Hermann Jakobsson, bifvélavirki. Hann býr ásamt eiginkonu sinni, Guðbjörgu S. Marteinsdóttur, við Klapparstíg í Njarðvík og í risíbúð hússins búa foreldrar hennar. Hermann segist þekkja nokkur dæmi þess á Suðurnesjum að ofnar hafi sprungið í húsum og vatn flætt um allt með tilheyrandi afleiðingum. Við lá reyndar einu sinni að illa færi í risíbúðinni þegar ofn gaf sig vegna tæringar og byrjaði að leka. Sem betur fer voru húsráðendur heima og gátu skrufað fyrir vatnsrennsli í kerfinu.



Hermann Jakobsson.



Hafsteinn Ögmundsson, Sumarrós Ragnarsdóttir, Gróa Hávarðardóttir og Jónunn Jónasdóttir.

## Forhitari, forvarnalán og 33% lækkun iðgjalds

VÍS og Hitaveita Suðurnesja bjóða nú viðskiptavinum VÍS á Suðurnesjum afar hagstæð lán til kaupa á forhitara (varmaskipti) til að setja í miðstöðvarkerfi húsa sinna. Forhitari minnkar stórlega líkur á að ofnar gefi sig vegna tæringar sem hefur verið viðvarandi vandamál á Suðurnesjum. Ef svo óheppilega vill til að ofn springi eftir að forhitari er kominn til sögunnar stöðvast vatnsrennslið sjálfkrafa eftir skamma stund. Þannig hefur búnaðurinn tvöfalt forvarnargildi.

Áætlað er að forhitari og uppsetning kosti um 165.000 krónur og VÍS býðst til að lána fyrir framkvæmdinni til þriggja ára á 9,8% breytilegum vöxtum. Afborgun lánsins verður um 6.300 krónur á mánuði í fyrstu en lækkar síðan í 5.600 krónur á mánuði.

Iðgjöld húseigendatryggingar VÍS á Suðurnesjum lækka um 33% þegar forhitara hafa verið settir upp og þeir sem fá sér þennan góða búnað fyrir lok árs 2003 fá sérstök hvatningarverðlaun frá VÍS: eldvarnar-teppi og reykskynjara.

Mikið hefur verið hringt í starfsfólk VÍS á þjónustuskrifstofunni í Keflavík eftir að tilboð félagsins og Hitaveitu Suðurnesja var kynnt í dreifiriti til viðskiptavina. Menn afla frekari upplýsinga eða biðja einfaldlega um aðstoð við að hefja framkvæmdir þegar í stað. VÍS útvegar nefnilega þeim sem vilja þjónustugamenn til að sjá um verkið. Svo eru auðvitað margir Suðurnesjamenn, sem þegar hafa sett forhitara á kerfin hjá sér, og þeir fá líka umbun fyrir framtakssemi sína: þriðjungslækkun húseigendatryggingar.



Helgi M. Baldvinsson, deildarstjóri lánadeildar VÍS.

## Hagstæð lán til forvarna

„Forvarnalánin, sem við bjóðum Suðurnesjamönnum til forhitarakaupa, eru aðeins fyrsta skrefið í þessa veru. VÍS ætlar að gera öðrum landsmönnum tilboð síðar og þau geta verið mismunandi eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað,“ segir Helgi M. Baldvinsson, deildarstjóri lánadeildar VÍS. „Margir húseigendur á Suðurnesjum hafa orðið fyrir tjóni vegna tæringar í miðstöðvarkerfum. Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar og þeirra að reyna að minnka áhættuna. Þess vegna viljum við aðstoða fólk við að kaupa forhitara, sem er tvímælalaust besta forvörnin, og lækka jafnframt iðgjöld húseigendatryggingar. Síðan kemur til greina að VÍS stofni til forvarnalána vegna endurnýjunar á þaki eða gluggum húsa eða vegna einhverra annarra ráðstafana sem hafa forvarnargildi. Viðskiptavinir okkar munu þá njóta betri lánskjara en gerist og gengur á fjármálamarkaðinum á hverjum tíma. Fasteignaveðs verður ekki krafist af okkar hálfu vegna láns allt að hálfri milljón króna.“



Eigendur og starfsmenn Króks. Frá vinstri: Jóhann Bragi Ægisson, Rúðolf Jóhannsson, Hrönn Kristinsdóttir, Andrés Karlsson og Gísli Jónsson.

## Krókur alltaf á vaktinni

Símar starfsmanna **Króks dráttarbíla** í Kópavogi sofa aldrei. Kallið kemur á öllum tímum sólarhrings árið um kring og alltaf eru Króksmenn á vaktinni, jafnt á jólanótt sem á ósköp venjulegri júlínótt. Bílaðir, beyglaðir eða klesstir bílar, vinnuvélar verktaka, sportbátar, jafnvel litlar flugvélar og þyrlur. Allt þetta flytur Krókur og meira til. Fyrirtækið hefur komið sér upp flota átta dráttar- og pallbíla til að þjóna viðskiptavinum sínum, aðallega á höfuðborgarsvæðinu, en raunar teygir það króka sína um allt land, ef því er að skipta, fyrir einstaklinga, fyrirtæki, tryggingafélög, lögreglu, Félag Íslenskra bifreiðaeigenda og aðra viðskiptavini. Erlend tryggingafélög eru líka á viðskiptavinalistanum. Bílar erlendra ferðamanna á Íslandi bíla eða velta út af vegum og þá er Krókur fenginn til að flytja farartæki túristanna á næsta verkstæði eða jafnvel um borð í Norrænu á Seyðisfirði.

### Hýsa líka tjónabíla

Þetta hófst allt með einum dráttarbíl 1987 en starfsemin fór á verulegan skrið árið 1991 þegar tryggingafélögin buðu út flutning tjónabíla á höfuðborgarsvæðinu og sömdu við Krók í kjölfarið. Starfsmenn Króks hafa síðan þá verið kallaðir á vettvang óhappa til að fjarlægja bíla og þá er eins gott að hafa snör og öruggu handtök til að umferðin teppist ekki að óþörfu.

Krókur gerir meira en flytja bíla af vettvangi óhappa. Fyrirtækið geymir þá líka á meðan skorið er úr um hvort tjónið er bótaskyldt eða ekki. Króksmenn hafa komið sér upp stóru og öruggu rými í aðsetri sínu í Kópavogi til að hýsa tjónabíla og þar eiga eigendur bílanna og fulltrúar tryggingafélaga greiðan aðgang.

### Græjurnar mikilvægari en heilsan?

Starfsmenn Króks eru fimm ef með eru taldir eigendur fyrirtækisins, þau Rúðolf Jóhannsson og kona hans, Hrönn Kristinsdóttir, og Gísli Jónsson. Rúðolf er framkvæmdastjóri Króks og stofnaði fyrirtækið á sínum tíma og síðar kom Gísli til skjalanna sem samstarfsmaður og meðeigandi. Leiðir þeirra félaga lágu fyrst saman hjá Jarðborunum ríkisins. Þeir hafa marga fjöruna sopið í starfsemi Króks, rifja upp mörg sérstæð atvik á ferlinum og hallast helst að því að tilteknað aðgerðir á vettvangi umferðaróhappa við Hvalfjörð lifi í minningunni sem einna erfiðustu viðfangsefni. Það var vel að merkja fyrir tíð Hvalfjarðarganga.

Þeim er líka ofarlega í huga mismunandi viðhorf og verðmætamat kynslóðanna eftir umferðaróhöpp. „Það er alveg sláandi að heyra í sumum krökkum sem koma hingað til að vitja um bílana sína eftir óhöpp og slys. Þeir virðast hafa meiri áhyggjur af því hvort hjómflutningstækin í bílunum hafi sloppið heil heldur en þau sjálf! Fólk á miðjum aldri og þar yfir er hins vegar þakklátt fyrir að vera á lífi og vera jafnvel ómeitt eftir umferðarslys. Því finnst heilsan mun mikilvægari en bíllinn, hvað þá græjurnar í honum.“

### Suma bíla má ekki draga

Starfsmenn Króks hvetja bíleigendur til að hlaupa ekki til og láta granna eða vini draga bílana sína á verkstæði ef svo ber undir nema vera alveg vissir um að slíkt sé óhætt. Það er nefnilega ekki sama hvernig að því er staðið að draga bíl. Ókunnugleiki hefur jafnvel orðið til þess að eyðileggja sjálfskiptingu og fleira og auka þar með viðgerðarkostnað um hundruð þúsunda króna. Staðreyndin er sú að hjóla- og drifbúnaður bíla getur verið svo flókinn og viðkvæmur að þá má alls ekki draga.



Króksmenn „í aksjón“ á Kjalarnesi fyrir nokkrum árum. Þarna valt flutningabíll á hliðina og Krókur kom honum á hjólin á nýjan leik.



Rúnar Þór Guðbrandsson, svæðisstjóri AGRIA á Íslandi með Hvolpinn Birtu og hestinn Hamar frá Syðri-Brekkum í Skagafirði. Á baksíðu þessa fréttabréfs er fjallað frekar um samstarf AGRIA og VÍS og rætt við hestamanninn þjóðkunnna, Sigurð V. Matthíasson.

## Samið um dýratryggingar við AGRIA

VÍS hefur samið um samstarf við AGRIA, eitt stærsta og þekktasta dýratryggingafélag veraldar, og hefur ráðið Rúnar Þór Guðbrandsson sem svæðisstjóra AGRIA á Íslandi. Hann segir það mikinn heiður fyrir VÍS að AGRIA skyldi velja félagið til samstarfs: „AGRIA er einstakt fyrirtæki og starfar á annan hátt en menn eiga að venjast um tryggingafélag. Hugsjón og markmið AGRIA er að auka velferð dýranna og upplýsa dýraeigendur og almenn- ing um sitthvað sem viðkemur dýrum og dýrahaldi. Það er til dæmis staðreynd að hvergi annars staðar í Svíþjóð er að finna á einum stað jafnmikinn fróðleik um mismunandi kyn hunda, katta og hesta og hjá AGRIA. Það geta menn sannreynt sjálfir á heima- síðu fyrirtækisins, [agriase.com](http://agriase.com). Við munum vinna í sama anda hér á Íslandi og hafa velferð dýranna að leiðarljósi. Til dæmis verður opnuð íslensk heimasíða þar sem dýratryggingarnar verða kynntar en um leið verður þar fróðleiksnáma um dýrin og ýmis- legt sem tengist dýrahaldi.“

### Hross, hundar og kettir

Þjónustu VÍS-AGRIA verður ýtt úr vör 1. febrúar 2004 með sölu á tryggingum fyrir hross, hunda og ketti. Tryggingarnar eru sem slíkar hliðstæðar því sem gerist og gengur með mannfólkið; í boði verður ábyrgðartrygging fyrir dýrin, líffrygging og slysa- og sjúkratrygging.

Ábyrgð eigenda dýra gagnvart tjóni sem þau kunna að valda öðrum er sífellt að aukast. Þar ber ekki síst að hafa í huga Hæstaréttardóma sem kveðnir hafa verið upp og teljast for- dæmisgefandi. Slysa á dýrum og tilheyrandi sjúkrakostnaður getur komið verulega við pyngjur eigendanna og þá er gott að njóta tryggingaverndar. Síðast en ekki síst eru mörg dýr afar verðmæt í krónum talið, auk tilfinningalegs verðmætis sem seint verður metið til fjár. Markaðsvirði hrossa getur til dæmis skipt hundruðum þúsunda, milljónum eða í einstaka tilvikum jafnvel tugum milljóna króna. Góð tryggingavernd í slíkum tilvikum ætti því að vera sjálfsagður hlutur.



## Guðrún Helga Arnarsdóttir - minning

Guðrún Helga Arnarsdóttir lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut 16. maí síðastliðinn. Líffryggingafélag Íslands hf. átti mikið og gott samstarf við Kraft, stuðningsfélag ungs fólks, sem greinst hefur með krabbamein, og aðstandendur þeirra en Guðrún Helga var alla tíð mikil baráttukona fyrir réttindamálum þess. Hún var einn stofnenda Krafts og vann mikið og óeigingjarnt starf fyrir samtökin allt til dauðadags. Það var Líffryggingafélagi Íslands mikil ánægja að fá tækifæri til að styrkja starfsemi Krafts og jafn-

framt heiður að fá að tengjast svo góðum málstað. Líffryggingafélagið hafði mikil og góð samskipti við Guðrúnu Helgu vegna þessa samstarfs þar sem gagnkvæm virðing ríkti. Félagið þakkar Guðrúnu Helgu gott samstarf og ánægjuleg kynni um leið og það sendir eiginmanni, börnum og öðrum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur. Minningin um Guðrúnu Helgu lifir í verkum hennar.

F.h. Líffryggingafélags Íslands,  
Sigurbjörn Gunnarsson.



Edda Rún Ragnarsdóttir og Sigurður V. Matthíasson með Júpíter sinn, 7 vetra stóðhest frá Ragnheiðarstöðum í Flóa.

# VÍS tryggir dýrin, stór og smá

**Agria**   
Djurförsákring

VÍS og sænska dýratryggingafélagið AGRIA hafa gert samstarfs-samning og VÍS mun byrja 1. febrúar 2004 að selja dýratryggingar í samræmi við sérleyfi AGRIA. Þetta er meira en aldargamalt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Stokkhólmi, eitt hið stærsta og virtasta á sínu sviði í veröldinni. Starfsmenn eru um 150 talsins og viðskiptavinirnir víða um heim, m.a. hér á Íslandi. Þjónusta AGRIA er vel þekkt í röðum íslenskra hestamanna og eigendur um hundrað hesta héraendis hafa tryggt þá hjá félaginu. Íslenski hesturinn kemur reyndar mjög við sögu í starfsemi AGRIA því félagið tryggir um 10.000 Íslandshesta í Svíþjóð. Af öllum hestatryggingum hjá félaginu hefur tryggingum Íslandshesta fjölgað mest. AGRIA var stærsti styrktaraðili sænska landsliðsins á heimsleikum íslenska hestsins í Danmörku nú í sumar.

## Heimsmeistarinn þekkir AGRIA að góðu einu

„Ég hef tryggt hesta hjá AGRIA og fagna því að VÍS hefur tekið upp samstarf við félagið um tryggingaþjónustu við dýraeigendur héraendis. AGRIA er mjög vel kynnt meðal hestamanna erlendis. Tryggingar félagsins eru mjög vel þekktar og hafa reynt prýðilega,“ segir Sigurður Vignir Matthíasson, tamningamaður og heimsmeistari í fimmgangi á heimsmóti íslenska hestsins í Danmörku síðastliðið sumar. Hann er í landsliði Íslands í hestaíþróttum, sem náði glæsilegum árangri á mótinu, og landsliðsfélagarnir stefna að sjálfsgöðu að því að gera það líka gott á Norðurlandameistaramóti næsta sumar. VÍS studdi landsliðið til þátttöku í heimsmeistaramótinu og styrkir það til farar á meistaramót Norðurlanda.

Sigurður V. Matthíasson er hestamaður í orðsins fyllstu merkingu. Hann hefur atvinnu af hestamennsku og hefur alla tíð haft áhuga á hrossum. Hann er fæddur og uppallinn í fjölskyldu, sem alltaf hefur átt hross, og hestar eru þannig sjálf-sagður hluti af tilverunni. Eiginlega valdi hestamennskan drenginn en ekki öfugt. Hann keppti í fyrsta sinn á hestamóti 7 ára gamall og fór að starfa með Sigurbirni Bárðarsyni, víðfrægum knapa og tamningamanni, aðeins 15 ára. Ætli slíkt uppeldi, þjálfun og reynsla sé ekki hér um bil uppskrift að efni í heimsmeistara?

Sigurður og sambýliskona hans, Edda Rún Ragnarsdóttir, starfa við að temja hross á svæði Fáks í Víðidal í Reykjavík. Þau reka jafnframt Reiðskóla Reykjavíkur, ásamt Davíð bróður Sigurðar, og efna til námskeiða á sumrin fyrir börn og unglinga.

„Það er gaman að kenna krökkum. Sumir hafa aldrei komist nær dýrum en sjá þau út um bílrúðu enda er mun erfiðara að koma krökkum í sveit nú en áður. Við leggjum mikið upp úr því að börnin kynnist hestinum. Þau komast fljótt upp á lagið og dæmi eru reyndar um að krakkar ráði vel við erfiða gæðinga sem þrautreyndir hestamenn eiga í vandræðum með!“